

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags grunnskólakennara**

64. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna Félags grunnskólakennara var haldinn miðvikudaginn 1. mars 2017 í Borgartúni 30 og hófst hann kl.9:30.

Fundinn sátu: Ólafur Loftson og Guðbjörg Ragnarsdóttir frá FG. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

1. **Ávinnsuréttur kennara á þjónustualdri vegna starfstíma á kjarasamningi sem fer ekki skv. lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna sbr. grein 13.2.2.5 í kjarasamningi. – 1701021SA**

Niðurstaða:

Þrátt fyrir ákvæði greinar 13.2.2.5 um að þjónustualdur fari meðal annars samkvæmt lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna eru aðilar sammála um að telja einnig þjónustualdur viðkomandi til veikindaréttar þann tíma sem hann starfaði samkvæmt kjarasamningi ASÍ félags. Jafnframt eru aðilar sammála um að breyta greininni til samræmis við aðra kjarasamninga við næstu kjarasamningsgerð.

2. **Ósk kennara um leiðréttingu launa vegna viðbótarnáms í tilfelli þar sem kennarinn skilaði ekki gögnum til vinnuveitanda strax að loknu námi. – 1701026SA**

Málið varðar kennara sem fékk námsleyfi hjá námsleyfasjóði. Að námi loknu skilaði hann menntunargögnum inn til Kennarasambands Íslands en ekki til vinnuveitanda eins og gert er ráð fyrir samkvæmt kjarasamningi.

Niðurstaða:

Fulltrúar SNS vilja bóka eftirfarandi:

Launabreytingar vegna framhaldsnáms gilda frá næstu mánaðamótum þess mánaðar er starfsmaður skilar inn gögnum frá viðkomandi menntastofnun til vinnuveitanda er sýni að námi sé lokið. Í upplýsingum frá skólastjóra kemur fram að hann hafi strax við námslok leiðbeint kennaranum um að skila menntunargögnum til vinnuveitanda til að eiga rétt á launflokkaþækkun vegna námsins. Laun eru því metin frá þeim tíma sem starfsmaðurinn skilaði gögnum til vinnuveitanda.

Fulltrúar FG vilja bóka eftirfarandi:

Vinnuveitanda mátti vera ljóst frá upphafi að viðkomandi hafði verið í námi og lokið því. Námsleyfasjóður Sambands Íslenskra sveitarfélaga veitti viðkomandi námsleyfi og var hann í leyfi frá skólanum heilt skólaár. Stjórnanda átti að vera ljóst þegar viðkomandi kom til starfa á ný eftir námsleyfið að hann hafði verið í námi og ætti rétt á nýrri launaröðun í samræmi við það. Eðlilegt hefði verið að stjórnandi kallaði eftir gögnum vegna námsins þegar kennarinn kom aftur til starfa eftir námsleyfið. Vegna mistaka sendi viðkomandi kennari gögn um að námi væri lokið til Kennarasambands Íslands. Gera verður ríka kröfu til þekkingar og leiðbeiningarskyldu stjórnanda og því er ekki hægt að fallast á að viðkomandi fái ekki nýja launaröðun frá því að námi lauk. FG áskilur sér rétt til að láta reyna á málið á viðeigandi hátt.

Ekki náðist sameiginleg niðurstaða þar sem hlutaðeigandi aðilar eru ekki sammála um málsatvik. Laun eru því metin frá þeim tíma sem starfsmaðurinn skilaði gögnum til vinnuveitanda.

3. Varðar 60 eininga nám í Mannauðsstjórnun sem kom fram í ferilsskrá kennara en fékkst ekki metið til launa. - 1703025SA

Málið varðar kennara sem telur að hann hafi rætt við skólustjóra um hvort 60 ETCS eininga nám hans í Mannauðsstjórnun sem fram kom í ferilsskrá væri ekki metið til launa. Segir hann skólustjórnanda hafa sagt að umræddar einingar dyggðu ekki til launabreytinga sem varð til þess að kennarinn skilaði ekki umræddum menntunargögnum til vinnuveitanda. Skólustjóri og kennari eru ekki sammála um málsatvik.

Niðurstaða:

Fulltrúar SNS vilja bóka eftirfarandi:

Launabreytingar vegna framhaldsnáms gilda frá næstu mánaðamótum þess mánaðar er starfsmaður skilar inn gögnum frá viðkomandi menntastofnun til vinnuveitanda er sýni að námi sé lokið. Í upplýsingum frá skólustjóra kemur fram að hann er ekki sammála því að öll þau samskipti sem líst er af hálfu kennara vegna málsins hafi farið fram. Laun eru því metin frá þeim tíma sem starfsmaðurinn skilaði gögnum til vinnuveitanda.

Fulltrúar FG vilja bóka eftirfarandi:

Vinnuveitanda mátti vera ljóst frá upphafi að viðkomandi hafði lokið 60 eininga ECTS námi, enda kom það bæði fram í starfsferilsskrá sem fylgdi með starfsúmsókn og í ráðningarsamtali. Ekki er ágreiningur um þetta milli stjórnanda og viðkomandi kennara enda var starfsferilsskráin lögð fram. Stjórnanda átti því að vera ljóst frá upphafi að viðkomandi átti rétt á launaröðun miðað við að hafa lokið 60 ECTS námi.

Gera verður ríka kröfu til þekkingar og leiðbeiningarskyldu stjórnanda og því hefði verið eðlilegt að stjórnandinn óskaði eftir frekari gögnum teldi hann þörf á því, ekki síst í ljósi þess að um nýjan starfsmann var að ræða. Því er ekki hægt að fallast á að viðkomandi fái ekki launaröðun miðað við að hafa lokið 60 ECTS frá því að hann hóf störf. FG áskilur sér rétt til að láta reyna á málið á viðeigandi hátt.

Ekki náðist sameiginleg niðurstaða. Laun eru því metin frá þeim tíma sem starfsmaðurinn skilaði gögnum til vinnuveitanda.

4. Mat á kennsluferli í dreifðu 12 mánaða fæðingarorlofi. - 1703026SA

Málið varðar kennara sem fór í dreift 12 mánaða fæðingarorlof árin 2008 og 2010. Telur kennarinn sig eiga rétt á 2 ára kennsluferil vegna þessara tveggja fæðingarorlofa. Sveitarfélagið sem um ræðir telur að framkvæmdin hafi verið með þeim hætti í sveitarfélaginu að hverju 12 mánaða orlofi fylgdi einungis 6 mánaða kennsluferill og því eigi kennarinn einungis rétt á 1 árs kennsluferil vegna þessara tveggja fæðingarorlofa.

Niðurstaða:

Afgreiðslu frestað.

5. Erindi frá sveitarfélagi þar sem óskað er eftir því að samstarfsnefnd taki ákvörðun um launaröðun umsjónarmanns námsvers. - 1703027SA

Niðurstaða:

Afgreiðslu frestað meðan frekari gagna er aflað.

6. Á að greiða kennurum fyrir eyður í stundaskrá á dögum sem teljast til skertra daga á skóladagatali. - 1703028SA

Niðurstaða:

Í þeim tilvikum sem skertir dagar eru í skólastarfi og kennarar eiga ekki samkvæmt vinnumati/stundaskrá að vera með nemendum á fyrirfram ákveðnum tímum s.s. þegar eyður myndast milli kennslustunda skal greiða þeim yfirvinnu fyrir slík störf enda lengist daglega viðvera sem því nemur. Þetta á við í þeim tilfellum sem kennsluframlag viðkomandi dags hefur verið náð.

Mikilvægt er að uppbrotsdagar og skertir dagar séu tilgreindir á skóladagatali.

7. Réttur kennara til að taka föst mánaðarlaun skv. grein 1.1.3 mánaðarlaun í hlutastarfi. - 1703029SA

Málið varðar kennara sem er gert að vera stundakennari eftir að hann hóf töku lífeyris. Kennarinn telur sig eiga rétt á að taka föst mánaðarlaun samkvæmt grein 1.1.3 þar sem hann kennir meira en 1/3 starfshlutfall lengur en í þrjá mánuði en honum hefur einungis boðist ráðning sem stundakennari þrátt fyrir að hann kenni 13 stundir og starfi að sögn í 20 klukkustundir á viku. Þá telur kennarinn að skólastjóri hafi gert við hann ráðningarsamning vegna 49% starfs þar sem tilgreint er að hann sé í föstu ráðningarhlutfalli og hann taki laun samkvæmt launatöflu A. Samkvæmt upplýsingum frá sveitarfélaginu var sá ráðningarsamningur sem vísað er til aldrei undirritaður en þess í stað var undirritaður tímabundinn ráðningarsamningur um stundakennslu vegna 13 kennslustunda á viku.

Niðurstaða:

Samkvæmt kjarasamningi SNS og FG, grein 1.1.3., skal kennari sem ráðinn er í 1/3 eða stærra stöðuhlutfall í þrjá mánuði eða lengur taka föst mánaðarlaun.

8. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:30